

GJALDSKRÁ fyrir hreindýraveiðileyfi.

1. gr.

Gjald fyrir hreindýraveiðileyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir úthlutun hreindýraveiðileyfa.

Gjaldið skal vera:

	<i>Upphæð kr.</i>
a. Fyrir tarf á svæðum 1 til 9	150.000
b. Fyrir kýr á svæðum 1 til 9	86.000

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 200/2014 um hreindýraveiðileyfi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. mars 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2018